

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði þriðjudaginn 2. október 2012 klukkan 20:00.

Mættir eru: Einar, Óskar Þór, Þorsteinn, Þorgerður, Kristlaug  
Boðuð forföll: Guðrún, Edda Kamilla, Kristín

Óskar setti fund númer 714.

1. Styrkumsóknir

- a. Andrea Þórey Hjaltadóttir - sækir um styrk vegna Íslandsmóts yngri flokka í hestaíþróttum. Samþykkt að styrkja hana um 15,000.- kr.

2. Innsend bréf

- a. Bréf frá Dalvíkurbyggð - þar sem tekið var fyrir erindi UMSE sem að sent var á Dalvíkurbyggð. Þar er gert ráð fyrir styrk til UMSE fyrir árið 2013.
- b. Bréf frá UMFÍ - vegna skýrslu stjórnar og framkvæmdarstjóra UMFÍ um málefni VBS.
- c. Bréf frá Ungmennafélagi Svarfdæla - þar sem athugað er hvort UMSE gæti auglýst eftir þjálfara þar sem að Umf. Svarfdælir eru ekki komnir með þjálfara.

- Svanbjört mætti á fundinn.

3. Heiðursveitingar

- a. H.F. Funi - tilnefnd er Hafdís Sveinbjarnardóttir, veita á henni starfsmerki UMSE.

4. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra UMFÍ um málefni VBS.

- a. Umræður í tölvupósti í kjölfar skýrslunnar .

5. Þjónustugjald FRÍ - Póstur frá FRÍ þar sem nefnt er samþykkt sem gerð var á síðasta FRÍ þingi um að innheimta 1000.- kr á hvern iðkenda í frjálsíþróttum fyrir árið 2012 og 2013, miða átti við iðkendafjölda 1. maí sl. Einnig er bent á að lokafrestur til að skila inn skýrslum fyrir árið 2011 væri liðinn en þó vantaði eitthvað upp á skil til að hann væri raunhæfur og þyrfti að skila sem fyrst þar sem að ÍSÍ muni beita heimildum til að setja félög og keppendur þeirra í keppnisbann.

Annað bréf kom í kjölfar fyrra bréfsins þar sem kemur fram að þar sem að ekki var gert ráð fyrir þessu þjónustugjaldi hjá sambandsaðilum við innheimtu á æfingargjöldum síðast liðið vor, ákvað stjórnin að fresta innheimtu þjónustugjaldsins þar til nú í haust.

- Þorsteinn ætlar að senda bréf til aðildarfélaga með upplýsingar og einnig að senda bréf á FRÍ með fyrirspurnir.

6. Önnur mál.

- a. Námskeið framkvæmdarstjóra - Þorsteinn er að fara á námskeið hjá Símenntun Háskólans sem kennt er ein vika okt, nóv, feb og mars. Þetta er námskeið sem að snýr að því að styrkja starf hans hér. Þorsteinn óskar eftir því að UMSE styrkji sig að hluta til vegna kostnaðar við námskeiðið sem er 500.000.-kr. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

- b. Viðvera á skrifstofu - Þorsteinn óskar eftir því að færa sig aftur yfir á fimmtudaga í staðinn fyrir föstudaga - ekkert því til fyrirstöðu og það samþykkt.

Næstu fundir ákveðinn 6. nóvember 2012 klukkan 20:00 á Búgarði  
Guðrún kemur með veitingar.

Fundi slitið 21:39

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður